



4. nóvember 2011
SI-79704

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Sbr. þingskjal 9, á 140. löggjafarþinginu 2011-2012 en með frumvarpinu er lögð til breyting á 18. gr. laganna.

Með tölvupósti dags. 24. október 2011 óskaði nefndarsvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Markmið laga nr. 151/2010, sem m.a. fólu í sér breytingu á 18. gr. laga nr. 38/2001, var að flýta fyrir og draga úr óvissu á uppgjöri lánasamninga einstaklinga sem innihéldu ólögmæta gengistryggingu. Einnig var leitast við að tryggja að sambærileg mál fengju sambærilega úrlausn, tryggja jafnræði. Með það að markmiði voru settar sérstakar reiknireglur til að uppgjör lánasamninganna væri byggt á sömu forsendum. Gildissvið laganna var bundið við fasteignaveðlán og bílalan einstaklinga og í grunninn var byggt á því að upphaflegur höfuðstóll skyldi vaxtareiknaður í samræmi við almennt vaxtaviðmið laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Til frádráttar höfuðstól og áföllnum vöxtum kæmu þær fjárhæðir sem inntar hefðu verið af hendi fram að uppgjorsdegi, hvers kyns vanskilaálög og afborganir miðað við hvern innborgunardag.

Engin dómafordæmi eru fyrir annarri aðferð við uppgjör lánasamninga sem innihéldu ólögmæta gengistryggingu en að framan er nefnt, sbr. lög nr. 151/2010. Miða skal við almenna óverðtryggða eða verðtryggða útlánavexti skv. 10 gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem Seðlabanki Íslands birtir mánaðarlega.

Viðkomandi breyting mismunar augljóslega á milli þeirra sem tóku lán í íslenskum krónum með vexti sem miðuðust við ákvæði laga nr. 38/2001, auk þess sem framkvæmd ákvæðisins verður nokkuð mismunandi eftir því hvort og hvernig viðkomandi lánastofnun hefur orðið gjaldþrota.

Seðlabankinn leggst af þessum ástæðum gegn þeirri breytingu sem lögð er til í þingskjali 9, á 140. löggjafarþinginu 2011-2012.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Harpa Jónsdóttir
staðgengill framkvæmdastjóra